

# Notendaleiðbeiningar

## Gögn sótt í Dataverse

Útgáfa 1.0 (júní 2021)

**Notendaleyfi þessa skjals:**



Creative Commons Attribution 4.0  
International Licence

## Notendaleiðbeiningar Gögn sótt í Dataverse

### Hvað er Dataverse?

Dataverse er gagnagrunnskerfi sem þróað er af Harvard háskóla til að hýsa rannsóknagögn í opnum aðgangi. Dataverse gagnagrunn GAGNÍS er að finna hér:

**https://dataverse.rhi.hi.is**

Flest gögnin eru í **opnum aðgangi** og hægt er að sækja þau án sérstakrar aðgangsheimildar.

Í sumum tilvikum er um **stýrðan aðgang** að ræða þar sem gögnin innihalda upplýsingar sem eru þess eðlis að stjórna þarf aðgangi að þeim.

### Notendaviðmót Dataverse


Notendaviðmót Dataverse er á ensku (mynd 1) en íslenska þýðingunni á helstu orðum/hugtökum er að finna í viðauka (bls. 8).

#### Einföld leit

Gera má einfalda leit að gögnum með því að slá inn eitt eða fleiri orð í reitinn.

#### Ítarleg leit (Advanced Search)

Einnig er boðið upp á ítarlega leit (sjá nánar á bls. 3).



Mynd 1

## Ítarleg leit (*Advanced Search*)

Þegar framkvæma á ítarlega leit að gagnasafni er best að velja **Datasets: Citation Metadata** og setja inn eitt eða fleiri leitarorð í dálkana.

Setja má eitt eða fleiri leitarorð inn hér

Mynd 2

## Vefsvæði gagnasafns

Þegar gagnasafn er valið birtist vefsvæði safnsins (mynd 3). Þar má finna helstu upplýsingar um gagnasafnið og hlaða niður öllum gagnaskrá(m) og fylgiskjöllum sem tilheyra gagnasafninu.

Mynd 3

## Gögnum hlaðið niður

Hlaða má niður gögnunum á tvennan máta:

### 1. Smelltt á bláa hnappinn Access Dataset.

Þá eru allar skrár sem tilheyra gagnasafninu sóttar, ásamt fylgiskjöllum. Öllu er pakkað inn í zip-skrá.

### 2. Hakað í viðeigandi reit(i) fyrir skrá(r) sem hlaða á niður og smellt á niðurhalsmerkið.

The screenshot shows the DATICE dataset page for "COVID-19: Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020". The page includes the DATICE logo, the title, authors (Ari Klængur Jónsson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Hrafnhildur Snæfríðar, and Gunnarsdóttir, Ina Guðmar, Bernborg, Magnús Þór Torfason, Sigrún Ólafsdóttir, Einar Þorláksson, 2021), and a description. The description states that the data was collected in May 2020 from a survey of Icelandic citizens. The page also shows a list of files, including a PDF report, a tabular data file, and a questionnaire. A red arrow points to the "Access Dataset" button, and another red arrow points to the "Download" button for the "COVID-19\_Hegðun, líðan og viðhorf almennings maí 2020.tab" file. A third red arrow points to the file format selection dropdown menu, which is currently set to "Original File Format (SPSS Binary)".


Mynd 4

Þegar hakað er við gagnaskrá (í þessu tilviki *.tab* skrá) og smellt er á bláa niðurhalsmerkið gefst kostur á því að velja á hvaða formi gagnaskráin er sótt:

- Original file format (SPSS Binary) ← hægt að keyra með tölfræðiforritinu SPSS
- Tab-delimited ← hægt að keyra með ymsum forritum s.s. Microsoft Excel
- RData format ← hægt að keyra með opna hugbúnaðinum R

## Lýsigögn (Metadata)

Lýsigögn innihalda helstu upplýsingar um gagnasafnið m.a. um hvers eðlis gögnin eru og hvernig framkvæmd og gagnasöfnun var háttað. Þau eru kölluð fram með því að velja flipann **Metadata**.



Lýsigögnin skiptast í þrjá flokka:

### 1. Almenn lýsigögn


Þegar **Citation Metadata** er valið birtast lýsigögn sem innihalda grunnupplýsingar um gagnasafnið og upprunalega rannsókn (t.d. heiti rannsóknar/gagnasafns, nöfn höfundna og þess sem annaðist gagnasöfnunina).

### 2. Lýsigögn um landfræðilegt umfang gagnasafns

**Geospatial Metadata** inniheldur upplýsingar um hvar gögnunum var safnað (t.d. land, landshluti, borg, sveitarfélag).

### 3. Lýsigögn á stöðluðu formi fræðasviðs

Hér birtast lýsigögn á því formi sem hentar tilteknu fræðasviði. Í þessu tilviki (mynd 5) er um að ræða rannsókn á sviði félagsvísinda og því eru lýsigögnin á því formi sem hentar því fræðasviði.



**COVID-19: Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020**

Version 1.1

Ari Klængur Jónsson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Hrafnhildur Snaefiðar- og Gunnarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Magnús Þór Torfason, Sigrún Ólafsdóttir, Ævar Þórólfsson, 2021. "COVID-19 Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020". <https://doi.org/10.34881/BHBSRQ>, GAGNÍS (DATICE), V1, UNF: 6/1/NpX0EG1x4n0BE35cKA== [fileUNF]

Cite Dataset - Learn about Data Citation Standards.

Access Dataset -  
Contact Owner - Share

Dataset Metrics  
59 Downloads

Description  
Árið 2020 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á þátttöku og afstöðu Íslendinga til aðgerða almennavarna til að hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Könnunin var unnin í samstarfi við fræðafólk á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og er hluti af þjóðmálakönnunum Félagsvísindastofnunar, en í þeim er spurt um ýmis samfélagsleg mælefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Markmið könnunarinnar var að safna gögnum um hegðun, líðan og viðhorf almennings til ýmissa mála tengdum COVID-19 faraldrinum, á tímum óvissu og hættu. Spurt er um hegðun fólks og áhrif faraldursins á hegðun þeirra, samskipti og framliðarhorfur, auk afstöðu til ýmissa mála tengdum faraldrinum.

Subject  
Social Sciences

Keyword  
COVID-19, Human behavior, Health, Worry, Trust in government

Files Metadata Terms Versions  
Export Metadata

Citation Metadata

Dataset Persistent ID doi:10.34881/BHBSRQ

Publication Date 2021-01-12

Title COVID-19: Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020

Alternative Title COVID-19: Behavior, well-being and public attitudes in May 2020

Author Ari Klængur Jónsson (Félagsvísindastofnun) Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (Félagsvísindastofnun) Hrafnhildur Snaefiðar- og Gunnarsdóttir (Félagsvísindastofnun) Jón Gunnar Bernburg (Háskóli Íslands) Magnús Þór Torfason (Háskóli Íslands) Sigrún Ólafsdóttir (Háskóli Íslands) Ævar Þórólfsson (Félagsvísindastofnun)

Contact Use email button above to contact GAGNÍS (Háskóli Íslands)

Description Árið 2020 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á þátttöku og afstöðu Íslendinga til aðgerða almennavarna til að hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Könnunin var unnin í samstarfi við fræðafólk á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og er hluti af þjóðmálakönnunum Félagsvísindastofnunar, en í þeim er spurt um ýmis samfélagsleg mælefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Markmið könnunarinnar var að safna gögnum um hegðun, líðan og viðhorf almennings til ýmissa mála tengdum COVID-19 faraldrinum, á tímum óvissu og hættu. Spurt er um hegðun fólks og áhrif faraldursins á hegðun þeirra, samskipti og framliðarhorfur, auk afstöðu til ýmissa mála tengdum faraldrinum.

Subject Social Sciences

Keyword COVID-19 (ELST) <https://thesauri.essda.eu/elst/en/> Human behavior <https://thesauri.essda.eu/elst/en/> Health (ELST) <https://thesauri.essda.eu/elst/en/> Worry (ELST) <https://thesauri.essda.eu/elst/en/> Trust in government (ELST) <https://thesauri.essda.eu/elst/en/>

Language Icelandic

Producer Félagsvísindastofnun (Háskóli Íslands) (FVST) <http://fel.hi.is>

Production Date 2021-06-05

Production Place Iceland

Contributor Data Collector: Félagsvísindastofnun

Distributor GAGNÍS (Háskóli Íslands) (GAGNÍS (DATICE)) <http://fel.hi.is/gagnis>

Depositor Félagsvísindastofnun

Deposit Date 2021-01-11

Date of Collection Start: 2020-05-05; End: 2020-06-02

Kind of Data Spurningakönnun (survey data)

Related Material Ari Klængur Jónsson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Magnús Þór Torfason, Sigrún Ólafsdóttir og Ævar Þórólfsson. Þátttaka almennings í söttvamaráðgerðum vegna COVID-19 faraldursins í apríl 2020. Vísindavefurinn, 22. apríl 2020. Sótt af <http://vísindavefur.is/evar.php?id=79253>.

Related Datasets Ari Klængur Jónsson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Hrafnhildur Snaefiðar- og Gunnarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Magnús Þór Torfason, Sigrún Ólafsdóttir, Ævar Þórólfsson, 2020. "Þátttaka almennings í söttvamaráðgerðum vegna COVID-19 faraldursins í apríl til júní 2020". <https://doi.org/10.34881/BHBSRQ>

Geospatial Metadata

Geographic Coverage Iceland

Geographic Unit Iceland

Social Science and Humanities Metadata

Unit of Analysis Einstaklingar

Universe Allir einstaklingar á Íslandi 18 ára og eldri.

Time Method Þversniðsrannsókn (cross-sectional)

Data Collector Félagsvísindastofnun

Sampling Procedure Tekið var 1930 manna lagskipt tilvignarúrtak úr netþelpani Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsæti til þess að það endurspeglði sem best samsetningu landsmanna. Alls svöruðu 868 könnuðum og er þátttökuhlutfellið því 45,0%.

Collection Mode Spurningatöknun var lögð fyrir netþelpani Félagsvísindastofnunar.

Weighting Gögnin voru vigluð eftir kyni, aldri, búsæti og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þjófi. Munur var á aldersdreifingu svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt, en svörin var lækari í yngstu aldersþópum en í öðrum aldersþópum. Einnig var munur á hlutfalli svarenda eftir menntun, en hlutfallslega fleiri með háskólamenntun svöruðu könnuninni en þeir sem höfðu lokið grunnskólamenntun.


Mynd 5

## Yfirlit yfir útgáfur gagnasafns (Versions)

Ef gerðar hafa verið breytingar á gagnasafninu birtist yfirlit yfir þær þegar smellt er á **Versions**.



Þá birtast upplýsingar um allar breytingar sem gerðar hafa verið á gagnasafninu. Útgáfunúmer hvorrar uppfærslu gagnasafnsins er tilgreint í reitnum **Dataset** (mynd 6).



	Dataset	Summary	Contributors	Published
<input type="checkbox"/>	1.1	Citation Metadata: Title (Changed); Additional Citation Metadata: (1 Changed); <a href="#">View Details</a>	Örnólfur Thorlacius	Jan 12, 2021
<input type="checkbox"/>	1.0	This is the first published version.	Örnólfur Thorlacius	Jan 12, 2021

Mynd 6

### Útgáfunúmer gagnasafns uppfærast samkvæmt eftirfarandi reglum:


- Ef gerðar hafa verið minniháttar breytingar á gagnasafninu (s.s. breytingar á lýsigögnum) hefur útgáfunúmerið hækkað um 0.1 (t.d. 1.0 verður 1.1).
- Ef gerðar hafa verið meiriháttar breytingar á gagnasafninu (s.s. ef skrá hefur verið eytt eða skipt út) hefur útgáfunúmerið færst upp í næstu heilu tölu (t.d. úr 1.1 í 2.0), auk þess sem gagnasafnið hefur fengið nýtt DOI númer.

## Upplýsingar um innihald gagnaskrár (vefkóðunarbók)

Á undirsíðunni **Metadata** er að finna hnappinn **Export Metadata** sem gefur kost á því að skoða gagnaskrá og lýsigögnin á mismunandi vegu.



Einn valmöguleiki þar er að kalla fram **vefkóðunarbók (DDI HTML Codebook)** þar sem skoða má innihald gagnaskrárinnar á vefnum án þess að hlaða henni niður (sjá nánar á bls. 7).



Mynd 7

Í vefkóðunarbókinni er m.a. að finna lista yfir allar breytur í gagnaskránni (mynd 9) og einfalda tíðnitöflur fyrir hverja þeirra (mynd 10).

**COVID-19: Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020 (doi:10.34881/BHBSRQ)**  
(COVID-19: Behavior, well-being and public attitudes in May 2020)

View: [Part 1. Document Description](#)  
[Part 2. Study Description](#)  
[Part 3. Data Files Description](#)  
[Part 4. Variable Description](#)  
[Part 5. Other Study-Related Materials](#)  
[Entire Codebook](#)

**Document Description**

**Citation**

Title: COVID-19: Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020  
 Identification Number: doi:10.34881/BHBSRQ  
 Distributor: GAGNÍS (DATICE)  
 Date of Distribution: 2021-01-12  
 Version: 1

**Bibliographic Citation:** An Klængur Jónsson; Guðbjörg Andrea Jónsdóttir; Hrafnhildur Snaefráar- og Gunnarsdóttir; Jón Gunnar Bernburg; Magnús Þór Torfason; Sigrún Ólafsdóttir; Ævar Þorláksson. 2021. "COVID-19: Hegðun, líðan og viðhorf almennings í maí 2020". <https://doi.org/10.34881/BHBSRQ>. GAGNÍS (DATICE), V1, UNF:6:lyNpX0EG1x4k0BE35ckCA== [fileUNF]

**Study Description**

**Citation**

Mynd 8

**Variable Description**

List of Variables:

- Responseid** - Númer þáttakanda
- cs01** - Hversu miklar eða lítlar áhyggjur hefur þú af COVID-19 faraldrinum?
- cs02** - Er eitthvað sem þú hefur helst áhyggjur af í tengslum við COVID-19 faraldurinn?
- cs03a** - Hversu marga einstaklinga, fyrir utan þá sem búa á heimili þínu, hefur þú átt nán samskipti við á síðasta sólarhring?
- cs03b** - Hversu margir einstaklingar batast í þennan hóp ef þú lítur einnig til sólarhringsins þar á undan?
- cs03c** - Hversu marga einstaklinga, fyrir utan þá sem búa á heimili þínu, hefur þú átt nán samskipti við á síðustu tveimur sólarhringum?
- cs04** - Krefjast storf á þínum vinnustað þess að þú sért um þessar mundir í miklu návigi við annað fólk?
- cs05** - Ert þú í einangrun eða sóttkvi vegna COVID-19 faraldursins?
- cs06** - Hefur þú farið í sjúklu vegna kórónuveirusnar?
- cs07\_1** - Að hve miklu eða litlu leyti fylgir þú sjálf(ur) tilmælum Embættis landlæknis og almannavarna ríkislögreglustjóra?
- cs07\_2** - Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að þeir sem þú ert von/vanur að vera í hvað mestum samskiptum við fylgi tilmælum Embættis landlæknis og almannavarna ríkislögreglustjóra?
- cs07\_3** - Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að Íslendingar almennt fylgi tilmælum Embættis landlæknis og almannavarna ríkislögreglustjóra?
- cs08** - Hve líklegt eða ólíklegt telur þú vera að númerandi sóttvarnaágerðir (þ.e. smitrakning, sóttkvi, einangrun og samkomubann) dugi til þess að hægja vaxlegu á útbreiddu COVID-19 smita á Íslandi?
- bs1** - Telur þú að það sé borgaraleg skylda fólks að fylgja tilmælum Embættis landlæknis og almannavarna ríkislögreglustjóra?T.d. þvo oft hendir, halda 2 metra fjarlægð á almannafæri, forðast að hitta aðra.
- bs2** - Telur þú að þeir sem þú ert von/vanur að vera í hvað mestum samskiptum við telji það borgaralega skyldu að fylgja tilmælum Embættis landlæknis og almannavarna ríkislögreglustjóra?T.d. þvo oft hendir, halda 2 metra fjarlægð á almannafæri, forðast að hitta aðra.
- bs3** - Telur þú að Íslendingar almennt telji það borgaralega skyldu að fylgja tilmælum Embættis landlæknis og almannavarna ríkislögreglustjóra?T.d. þvo oft hendir, halda 2 metra fjarlægð á almannafæri, forðast að hitta aðra.

Mynd 9

**Síðustu 30 daga, myndir þú segja að neysla þín á áfengi hafi verið meiri, minni eða svipuð og vanalega?**

i205 Location:

Value	Label	Frequency	Text
1.	Mun meiri en vanalega	7	
3.	Svipuð og vanalega	330	
4.	Minni en vanalega	118	
2.	Meiri en vanalega	46	
5.	Mun minni en vanalega	60	
97.	Á ekki við	305	
99.	Vil ekki svara	2	

Summary Statistics: Valid 888.0, StDev 44.827948573635295, Max. 99.0, Mean 36.45622119815667, Min. 1.0

Variable Format: numeric

Notes: UNF:6:2WaFvbpvwwBbcXhicDMHzv==

Mynd 10

## Viðauki Orð/hugtök á íslensku

- Dataverse** = Gagnaheimur [*gagnagrunnur sem inniheldur safn gagnasafna*]
- Dataset** = Gagnasafn [*inniheldur gagnaskrá, lýsigögn og fylgiskjöl (t.d. spurningalisti, kóðunarbók)*]
- Dataset Persistent ID** = Fast auðkenni gagnasafns á netinu [*t.d. DOI númer*]
- Publication Date** = Dagsetning þegar gagnasafn var sett í opinn aðgang
- Title** = Titill gagnasafns/rannsóknar
- Subtitle** = Undirtitill gagnasafns/rannsóknar
- Alternative Title** = Annar titill [*er gjarnan titill gagnasafns/rannsóknar á ensku*]
- Author** = Höfundur/Höfundar
- Contact** = Tengiliður rannsóknar/gagnasafns
- Description** = Lýsing á gagnasafni/rannsókn [*getur t.d. verið útdráttur vísindagreinar eða skýrslu*]
- Subject** = Viðfangsefni gagnasafns/rannsóknar
- Keyword** = Leitarorð/efnisorð
- Language** = Tungumál [*tungumál sem notað er í gagnaskrá(m) og fylgigögnum*]
- Producer** = Aðili sem annaðist framkvæmd rannsóknar [*t.d. einstaklingur, stofnun, samtök*]
- Production Date** = Dagsetning þegar rannsókn var gerð [*getur t.d. verið sú dagsetning þegar gagnasöfnun lauk*]
- Production Place** = Staður þar sem rannsókn/gagnasöfnun fór fram [*t.d. land eða landshluti*]
- Contributor** = Aðili sem lagði til gögnin
- Distributor** = Dreifingaraðili [*gagnaþjónustan sem hýsir gögnin í opnum aðgangi*]
- Depositor** = Aðili sem kom gögnunum í opinn aðgang
- Deposit Date** = Dagsetning þegar gagnasafn var sett í opinn aðgang
- Date of Collection** = Tímabil gagnasöfnunar [*dagsetning þegar gagnaöflun hófst og lauk*]
- Kind of Data** = Tegund(ir) gagna [*t.d. gögn úr spurningakönnun, tilraunagögn, viðtalsgögn, hljóðskrá, próf*]
- Related Material** = Efni sem tengist gagnasafninu á beinan hátt [*t.d. greinar, bókarkafnar, skýrslur*]
- Related Datasets** = Önnur gagnasöfn sem tengjast gagnasafninu á beinan hátt [*t.d. gagnasöfn sem tilheyrir sömu langtímarannsókninni eða sama rannsóknarverkefni*]
- Geospatial Metadata** = Lýsigögn um landfræðilegt umfang gagnasafns
- Geographic Coverage** = Land/landsvæði sem rannsóknin tekur til
- Geographic Unit** = Landeining [minnsta landfræðilega eining sem gögnin taka til (t.d. sýsla, fylki)]



**Unit of Analysis** = Grunneiningar úrtaks/úrtaka rannsóknar [t.d. einstaklingar, fjölskyldur, hópar, stofnanir, samtök]

**Universe** = Þýði sem rannsókn/gagnasafn tekur til [t.d. allir Íslendingar með kosningarétt]

**Time Method** = Aðferð við gagnaöflun [t.d. langtímarannsókn, þverskurðarrannsókn]

**Data Collector** = Aðili sem annaðist gagnasöfnun

**Sampling Procedure** = Aðferð sem notuð var til að velja úrtak/úrtök

**Collection Mode** = Aðferð sem notuð var til að safna gögnunum [t.d. spurningalistakönnun, símaviðtal, póstkönnun]

**Weighting** = Vigtun gagna

**Response rate** = Svarhlutfall